



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 26. nóvember 2018

R18110151

Borgarráð

Arnarbakki 2-6 og Völvufell 11-21 - hugmyndaleit

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að auglýsa eftir starfsemi til bráðabirgða í húsnæði að Arnarbakka 2-6 og Völvufell 11-21.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hefur keypt húsnæði að Arnarbakka 2-6 og Völvufelli 11-23. Um er að ræða marga matshluta sem verða afhentir að hluta til um næstu mánaðarmót og hluta af húsnæði verður afhent um mitt næsta ár. Til að húsnæðið standi ekki autt og ónotað er lagt til að auglýsa eftir mögulegum notendum til bráðabirgða á meðan þessi svæði verði í skipulagsferli. Vinnuhópur mun síðan fara yfir hugmyndir og koma með tillögur í borgarráð.

Meðfylgjandi er tillaga að auglýsingu.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Tillaga að auglýsingu í blöð og á vef Reykjavíkurborgar.

Drög að auglýsingu



Hús í biðstöðu:

Hvað viltu að verði gert við húsin?

Reykjavíkurborg leitar eftir hugmyndum að starfsemi til bráðabirgða í húsnæði að Arnarbakka 2-6 og Völvufelli 11-21, sem borgin fær afhent á næsta ári.

Óskað er eftir hugmyndum að starfsemi í hluta af þessum húsum. Við val á starfsemi verður sérstök áhersla lögð á samfélagsleg verkefni sem eru opin almenningi og auka möguleika íbúa til þátttöku í félagsstarfi, er uppbyggjandi og eykur fjölbreytni. Dæmi um slíkt væri frumkvöðlasetur, heilsuefandi starfsemi og sýningar-, menningar- og fræðslustarfsemi. Leitað verður eftir að starfsemin gæði svæðin auknu lífi og fjölbreytni.

Í Arnarbakka 2 er gert ráð fyrir matvöruverslunin Iceland og Sveinsbakarí verði áfram, sem og Hársnyrtistofan Arnarbakka í nr. 4-6.

Í Völvufelli 13 eru og verða áfram Nýlistasafn Reykjavíkur og Listaháskóli Íslands með sýningarsali.

Annað húsnæði mun losna á næsta ári og skapast þar möguleikar til bráðabirgða fyrir spennandi starfsemi og getur því orðið um tímabundna útleigu að ræða. Jafnframt verða lóðir settar í skipulagsferli.

Íbúar og aðrir áhugasamir aðilar geta haft áhrif á nýtingu húsnæðisins með því að senda inn hugmyndir til Reykjavíkurborgar. Frestur til að skila inn hugmyndum er til og með 19. desember 2018 og skal þeim skilað með tölvupósti á netfangið sea@reykjavik.is.

Nánari upplýsingar, yfirlitsmyndir og teikningar má finna á vef Reykjavíkurborgar. Sjá reykjavik.is/leiga

(eftirfarandi kemur aðeins á vef með tenglum / vísunum):

Nánari upplýsingar

- Teikningar af húsnæði
 - Arnarbakki 2 – 6 [<http://teikningar.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-A%C3%B0aluppr%C3%A6ttir/?q=202%3A111858>]
 - Völvufell 11 [<http://teikningar.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-A%C3%B0aluppr%C3%A6ttir/?q=202%3A112302>]
 - Völvufell 13 – 21 [<http://teikningar.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-A%C3%B0aluppr%C3%A6ttir/?q=202%3A112304>]
- Skoða staðsetningu í Borgarvefsjá
 - Arnarbakki [<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/?x=361967.6836555807&y=403696.7977148128&z=7>]
 - Völvufell [<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/?x=362332.5448019696&y=402864.9460511094&z=7>]